

## Umsögn Íbúðalánasjóðs um frumvarp til laga um breytingu á lögum um umboðsmann skuldara, nr. 100/2010, með síðari breytingum (upplýsingaskylda og dagsektir).

Þingskjal 164 – 159. mál. Lagt fyrir Alþingis á 144. löggjafarþingi 2014 – 2015

### Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

#### Um 2. gr.

Með 5. gr. er verið að koma á kærheimild til ráðherra vegna ákvarðana sem teknar eru á grundvelli laganna. Rétt þykir að benda á að í 5. mgr. 2. gr. núgildandi laga er að finna svohljóðandi ákvæði:

*„Ákvörðunum umboðsmanns skuldara verður ekki skotið til æðra stjórnvalds, nema sérstaklega sé mælt fyrir um það í lögum.“*

Túlkun á ákvæðinu leiðir til þess að allar ákvarðanir umboðsmanns skuldara, hvort sem þær eru teknar á grundvelli laganna eða annarra laga, eru ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds nema annað komið fram í lögum. Með breytingunni sem frumvarpinu er ætlað að ná fram er verið að gera undantekningu á ofangreindri reglu. Með það í huga telur Íbúðalánasjóður óheppilegt að þetta sérstaka undantekningarákvæði fylgi ekki í beinu framhaldi af hinni tilvitnaðri grein þar sem það gæti orðið til þess fallið að valda misskilningi.

Reykjavík 28. október 2014

f.h. lögfræðisviðs Íbúðalánasjóðs

Aron Thorarensen